

kr. 400.000,00 með 5% mánaðarv. frá 22.6. 1983 til greiðsludags, kr. 1.068,00 í bankakostnað, kr. 42.674,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.140,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola Laufásvegi 17. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 114/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gylfa Árnasyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að refsing ákærða verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að refsing ákærða verði ákveðin með hæfilegri sekt, en til vara að héraðsdómur verði stað-

festur með þeirri breytingu, að fullnustu refsingar verði frestað í 3 ár, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk hæfilegra málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

Eins og frá greinir í héraðsdómi var ákærði hinn 23. nóvember 1983 dæmdur í sakadómi Akureyrar í 45 daga fangelsi fyrir fjársvik og hinn 28. febrúar 1986 í sama sakadómi dæmdur í 12.000,00 króna sekt fyrir hylmingu. Brot þau, sem ákærði er ákærður fyrir í máli því, sem hér er dæmt, eru framin 29. júní, 6. og 8. ágúst 1986 og 28. janúar 1987. Ber því að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Brot ákærða eru smávægileg. Hann hefur játað þau greiðlega og skilað því, er hann tók, án eftirgangsmuna. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi síðan. Samkvæmt upplýsingum verjanda hans er hann nú í vinnu. Að þessu skoðuðu þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

Mál þetta var tekið til dóms 26. nóvember 1987 en dómur ekki kveðinn upp fyrr en 28. janúar 1988. Hefur þessi dráttur ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gylfi Árnason, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 28. janúar 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 28. janúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er að Hafnarstræti 107 af Ólafi Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1594, 1848/1986 og 1349/1987: Ákærvaldið gegn Gylfa Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. nóvember sl., hefir ríkissaksóknari höfðað með tveimur ákæruskjölum, útgefnum 22. desember 1986 og 27. maí 1987, á hendur Gylfa Árnasyni, Víðimýri 3, Akureyri, fæddum að Hallfríðarstöðum, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu, 26. ágúst 1949.

Með ákæruskjali dags. 22. desember 1986 fyrir eftirgreind brot framin á árinu 1986:

„1.

Fyrir að stela vasaúri og útvarpstæki úr íbúð að Strandgötu 13 á Akureyri þriðjudaginn 29. júní.

2.

Stela jakka og bol af þvottasnúru við Stórholt 7 á Akureyri fimmtudaginn 7. ágúst.

3.

Stela straujární á bænum Hálsi í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu föstudagskvöldið 8. ágúst.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með ákæruskjali dags. 27. maí 1987:

„fyrir þjófnað með því að hafa þann 28. janúar 1987, stolið úri í verslun Helga Sigurðssonar Skólavörðustíg 3, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Liður 1 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Hinn 30. júní 1986, kl. 07.40, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um innbrot í íbúð að Strandgötu 13 á Akureyri. Að sögn húsráðanda, Þorgerðar Þórisdóttur, var húsið ólæst sunnudaginn 29. júní s.á. á tímabilinu frá kl. 17.00 til 21.00, en á þeim tíma taldi hún að innbrotið hefði verið framið. Kærandi kvaðst m.a. sakna vasaúrs á keðju, ógangfæru, og útvarpsviðtækis af gerðinni Asahi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 7. júlí 1986 viðurkenndi ákærði að hafa farið inn í íbúð að Strandgötu 13 í greint sinn, er þá var mannlau, og tekið þar útvarpsviðtæki. Ákærði kannaðist eigi við að hafa tekið fleiri muni úr íbúðinni, en hinn 7. júlí s.á. afhenti hann rannsóknarlögreglu vasaúr, sem hann kvaðst þá einnig hafa tekið í íbúðinni.

Ákærði itrekaði fyrrgreinda játningu við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 22. júní s.á.

Hér fyrir dómi hefur ákærði staðfest ofangreindar skýrslur.

Liður 2 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Föstudaginn 8. ágúst 1986 tilkynnti Anna Rósantsdóttir, Stórholti 1, Akureyri, þjófnað á fatnaði af snúrum við heimili hennar. Kvað hún fatnaðinn, ljósan sumarjakka og hvítan bol, hafa horfið að kveldi miðvikudagsins 6. ágúst s.á.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 13. ágúst viðurkenndi ákærði, Gylfi Árnason, að hafa stolið framangreindum fatnaði við Stórholt 1 og var fatnaðinum komið til skila.

Hér fyrir dómi staðfesti ákærði þennan framburð. Það athugast að í ákæruskjali er atburður þessi talinn hafa gerst fimmtudaginn 7. ágúst 1986 í stað miðvikudagsins 6. ágúst s.á. eins og gögn málsins bera með sér.

Liður 3 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Þriðjudaginn 12. ágúst 1986 kærði Benedikt bóndi Ingimarsson að Hálsi, Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, stuld á straujárnri. Kærandi kvað ákærða, Gylfa Árnason og eiginkonu hans, hafa komið í heimsókn á heimili hans föstudaginn 8. ágúst 1986. Eftir viðdöl þeirra á heimilinu kvaðst kærandi hafa saknað straujárnsins.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 13. ágúst s.á. viðurkenndi ákærði, Gylfi Árnason, að hafa stolið ofangreindu straujárnri er hann yfirgaf heimili kæranda föstudagskvöldið 8. ágúst 1986.

Framburð þennan hefur ákærði staðfest hér fyrir dómi. Svo sem gögn málsins bera með sér gerðist framangreindur atburður föstudaginn 8. ágúst, en ekki 7. ágúst eins og greint er frá í ákæruskjali.

Sakarefni í ákæru dags. 27. maí 1987.

Miðvikudaginn 28. janúar 1987 kl. 20.00 var ákærði, Gylfi Árnason,

handtekinn við Hlemm í Reykjavík vegna ölvunar og færður á lögreglu-
stöðina við Hverfisgötu 13, þar sem hann var vistaður. Við leit á ákærða
við það tækifæri fannst karlmannsúr af gerðinni Citizen. Á bakhlið úrsins
var verðmiði, kr. 10.900,00.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 29. janúar kl. 12.50
kvaðst ákærði daginn áður hafa farið í úraverslun við Laugaveg í þeim
tilgangi að kaupa keðju á úr. Kvaðst hann þá sennilega hafa gripið úr það,
er hann var með er hann var handtekinn. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður
í greint sinn og gat hann eigi tilgreint verslun þá, er atburður þessi gerðist í.

Eftir itrekaða eftirgrennslan rannsóknarlögreglu ásamt ákærða kannaðist
afgreiðslumaður í verslun Helga Sigurðssonar að Skólavörðustíg 3 við
margnefnt úr.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 7. september 1987 og var honum þá birt
ákæran. Viðurkenndi ákærði að hafa stolið úri í verslun við Skólavörðustíg
í greint sinn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, svo og öðrum gögnum málsins,
sem eru í samræmi við það, þykja brot ákærða nægjanlega sönnuð eins
og þeim sem lýst í ákæruskjölum. Þykja brot ákærða varða við 244. gr.
almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III.

Ákærði, Gylfi Árnason, fæddur 26. ágúst 1949 í Skriðuhreppi, hefur
samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1968 4/10 á Akureyri. Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 244., 248. sbr.
256. gr. hgl. Greiði skaðabætur samtals kr. 3.200.-.

1969 2/8 á Akureyri. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot á 21. sbr. 44. gr. áfl.
og 7. sbr. 78. gr. lsb.

1971 31/12 á Akureyri. Sátt: 800 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. lsb.

1974 28/8 á Akureyri. Sátt: 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2. og 3. mgr.
25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán.
frá 28/8 '74.

1977 20/5 á Akureyri. Sátt: 15.000 kr. sekt fyrir brot á 244. sbr. 256.
gr. hgl.

1978 28/11 á Akureyri. Dómur: 10 mán. fangelsi, þar af 7 mán. skb. í
3 ár fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 220. gr., 244. gr.,
252. gr. hgl. 2 sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

1983 23/11 á Akureyri. Dómur: 45 daga fangelsi f. brot g. 248. gr. hgl.
nr. 19, 1940.

Í sakavottorði hefur fallið niður dómur sakadóms Akureyrar frá 28.
febrúar 1986: 12.000 króna sekt fyrir brot gegn 254. gr. alm. hgl. nr. 19,
1940, sbr. dskj. nr. 10.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 244. gr. sbr. 255. gr. og 71. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gylfi Árnason, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1988.

Nr. 55/1986.

Ása Jónsdóttir og

Tómas Karlsson

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Gylfa Pálssyni

og gagnsök

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1986. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 hefur málið eingöngu verið flutt um formhlið málsins. Í þessum þætti krefjast aðaláfrýjendur frávísunar málsins frá héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. febrúar 1986 og